

Reglur um launað námsleyfi.

1. gr.

Reglur þessar ná til allra starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar sem taka laun samkvæmt kjarasamningum aðildarféлага BSRB, ASÍ og BHM sem og Félags íslenskra leikskólakennara við Hafnarfjarðarbæ og Launanevnd sveitarféлага.

2. gr.

Hafnarfjarðarbær mun árlega verja tiltekinni fjárhæð til að koma til móts við heimildarákvæði áðurnefndra kjarasamninga um launað námsleyfi. Framlagið skal endurskoðað árlega við gerð fjárhagsáætlunar.

3. gr.

Um skilyrði þess að koma til álita varðandi launað námsleyfi fer almennt eftir ákvæðum viðkomandi kjarasamninga.

4. gr.

Við ákvörðun um úthlutun námsleyfa skal miða við þarfir bæjarfélagsins sem og þarfir og möguleika starfsmannsins til starfsþróunar. Námsleyfi skulu nýtt til náms sem nýtist í störfum hjá bæjarfélaginu og starfsemi þess. Þess er ekki krafist að starfsmaður í námsleyfi ljúki prófum en starfsmaður skal gera grein fyrir námi sínu með skýrslu til viðkomandi sviðsstjóra innan þriggja mánaða eftir að námsleyfi lýkur. Frumrit skýrslunnar skal vistast hjá launadeild.

5. gr.

Mannauðsstjóri og starfsmannastjóri meta umsóknir, að undangenginni umsögn viðkomandi yfirmanns. Leggja skal tillögur um launað námsleyfi fyrir bæjarráð til staðfestingar.

6. gr.

Umsóknum vegna námsleyfis sem hefst að hausti skal skila til starfsmannastjóra/mannauðsstjóra fyrir 1. maí en fyrir 1. október vegna námsleyfis sem hefst um áramót. Umsóknir verða afgreiddar tvisvar á ári, þ.e.a.s í lok maí og lok október. Í umsókn skulu koma fram greinargóðar upplýsingar um viðkomandi nám og námstíma og með hvaða hætti menntunin geti nýst á sérsviði starfsmanns hjá bæjarfélaginu.

7. gr.

Að öllu jöfnu skal ekki veita nema tvö launað námsleyfi á ári til lengri tíma en 3 mánaða og að hámarki til 6 mánaða.

8. gr.

Sviðsstjóri ber ábyrgð á því að skriflegt samkomulag sé gert við starfsmann áður en launað námsleyfi hefst þar sem fram koma helstu atriði sem snerta framkvæmd námsleyfisins s.s. launakjör og námstíma sem og skuldbinding um starfstíma hjá bæjarfélaginu að því loknu. Frumrit samkomulags skal vistast hjá launadeild Hafnarfjarðarbæjar. Heimilt er að endurkrefja viðkomandi starfsmann um greidd laun í leyfinu ef hann hættir störfum innan tveggja ára frá því að námsleyfi lauk. Þá ráðstöfun skal bera undir bæjarráð til staðfestingar.